

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008,  
Austurvegur, Eyjabyggð og Búðartangi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin varðar landnotkun við Austurveg þar sem svæði fyrir íbúðir verður opið svæði til sérstakra nota. Opið svæði óbyggt við Austurveg verður svæði fyrir íbúðir. Opið svæði til sérstakra nota og opið svæði óbyggt verður svæði fyrir sumar-/orlofshús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*